

Gátlisti fyrir skóla til að verða trans-vænir

Skólinn

- Árleg fræðsla fyrir starfsfólk um trans börn og annað hinsegin fólk.
- Árleg fræðsla fyrir nemendur um trans börn og annað hinsegin fólk.
- Útbúðu skráningakerfi og eyðublöð þannig að forráðamenn og/eða börn geti valið kyn og fornafn við hæfi.
- Tryggðu aðgang að kynhlutlausum salernum og skiptiaðstöðu.
- Nefndu þá hópa eða breytur sem þarf sérstaklega að huga að í eineltisstefnu skólans.
- Tryggðu að nemendur séu öruggir í öllum aðstæðum og rýmum skólans. Ef svo er ekki þarf að skoða hvað veldur óörygginu og ráðast í breytingar, t.d. á skipulagi skólans, hegðun starfsfólks/nemenda eða námsefni.

Trans barnið

- Mikilvægt er að styðja við kyntjáningu barna og veita þeim frelsi til þess að tjá kynvitund sína.
- Mikilvægt er að virða nafnaval nemenda og kynna það fyrir öðrum nemendum og starfsfólki skólans.
- Mikilvægt er að temja sér notkun á þeim fornöfnum sem svara kynvitund nemenda (hann, hún, hán).

Kennslustofan

- Kynntu þér hvað tvíhyggjukynjakerfið er og áhrif þess á trans nemendur jafnt sem síð nemendur.
- Forðastu að kynja hópinn: Talaðu frekar um nemendur, börn eða krakka en um stelpur og stráka.
- Forðastu að skipta hópnum eftir kyni. Notaðu frekar t.d. borðaskipan, stafrófið, uppáhalds mat, sokkalit o.s.fr. Þetta á einnig við í íþróttakennslu.
- Gott er að hvetja nemendur til þess að tengjast í gegnum aðra þætti en kyn, t.d. eftir áhugamálum.
- Forðastu að gera ráð fyrir ákveðinni hegðun frá nemendum sem byggjast á kyni þeirra, t.d. að stelpurnar vilji læra dans eða að strákarnir læri stærðfræði betur þegar dæmin eru um fótbolta.
- Komdu í veg fyrir alhæfingar og væntingar nemenda sem byggjast á staðalmyndum kynjanna.
- Vertu tilbúin/n/ð að taka á stöðluðum hugmyndum þegar þær birtast hjá nemendum (og öðrum), t.d. „þetta er svo stelpulegt“, „bara strákar fíla þetta spil“.
- Settu stefnu um núllþol gagnvart neikvæðri og niðurlægjandi notkun á hugtökum sem tengjast trans (og öðru hinsegin) fólki. Ræddu áhrif slíkrar orðanotkunar og leiðir til þess að nemendur geti stutt við bakið á þeim sem verða fyrir slíku.
- Gott er að útbúa plagg eða samkomulag með nemendum sem gengur út á að fagna fjölbreytileika og tekur á stríðni og einelti. Hafðu það sýnilegt í kennslustofunni/-svæðinu. T.d. Við uppnefnum ekki, það geta allir leikið sér með dúkkur, stelpur og strákar geta gert allt, við virðum ólíka menningu, við eigum alls konar fjölskyldur.
- Fjallaðu um fjölbreytileika kyns og trans fólks í gegnum verkefni og kennsluefni. Kenndu börnum um staðalmyndir kynjanna og lestu/notaðu bækur sem sýna fjölbreytileika.
- Góð æfing í íslenskukennslu er að fjalla um fornafnið hán.

- Hægt er að nýta ótal margar bækur og annað efni um kyn, trans og önnur hinsegin málefni í enskukennslu.
- Fáðu nemendur til þess að horfa gagnrýnum augum á staðlaðar hugmyndir um kyn sem birtast t.d. í auglýsingum, sjónvarpsþáttum o.fl.
- Útbúðu verkefni eða skilaboð fyrir nemendahópinn sem undirstrika „Öll börn geta... (dansað, eldað, verið með sítt hár, lært stærðfræði, skapað list...)“
- Þjóddu nemendum upp á fjölbreyttar fyrirmyndir sem brjóta upp staðlaðar hugmyndir um kynin, afrek þeirra, útlit, hegðun og tilfinningar.
- Hugaðu að fjölbreytileika og því að fara út fyrir kynjanorm þegar þú notar/sýnir myndir af fólki.